



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2020

## ENSK2OR05: Orðaforði og ritun

<b>Kennari:</b>	<b>Helgi Þorvaldsson</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>HP</b>
<b>Kennari:</b>	<b>Paola Daziani</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>PD</b>
<b>Kennari:</b>	<b>Ægir Pétur Ellertsson</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>ÆE</b>

### Áfangalýsing:

Markvisst er unnið með almenna og sérhæfða texta og reynt að byggja upp hagnýtan orðaforða. Nemendur eru þjálfaðir í skipulegri framsetningu ritaðs máls, bæði hvað varðar uppbyggingu og orðaforða. Áhersla er lögð á alhliða færni í málinu.

**Undanfari:** ENSK2OL05 og ENSK2HC05

### Námsefni:

**New Writing Exercises Autumn 2020**

fjölrit á skrifstofu FSU

**Academic Word List Chapters 11-14**

fjölrit á skrifstofu FSU

**Longman online dictionary** <https://ldoceonline.com>

eða Góð ensk-ensk eða ensk-íslensk orðabók

**Kjörbók:** Nemendur velja sér **eina** bók af eftirfarandi titlum:

- ✓ **Fever Pitch** Nick Hornby
- ✓ **The Heavens May Fall** Allen Eskens
- ✓ **Orphan Train** Cristina Baker Cline

### Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Nemendur lesa **kjörbók** og taka fjögur próf úr henni í tímum.

Í **New Writing Exercises** verða nemendur þjálfaðir í **ritun efnisgreina og í notkun samtenginga** (connectives). Á önninni eru unnin ýmis verkefni bæði í munnlegu og skriflegu formi. Unnið verður að bættum orðaforða með vinnu við orðstofna og orðmyndun. Báðum verkefnaheftunum (New Writing Exercises og Academic Wordlist) skal skilað.

### Sérreglur áfangans:

**Skilaskylda er á öllum verkefnum.** Gefin er einkunnin 0/núll fyrir próf eða verkefni sem ekki er tekið eða skilað nema skráð viðurkennd forföll komi til (nemendur skrái forföll í Innu) Nemendur sem eru löglega afsakaðir þreyta ólokin próf í lok annarinnar (undantekningar eru prófin úr kjörbókinni og munnlega prófið. Þau verða tekin eftir ákvörðun kennara). **Athugið að þessar reglur gilda líka um eldri nemendur. Auk þess er hér fyrirvari vegna Covid.** Nemendur fæddir 2001 eða fyrr sem ekki geta sótt tíma að öllu jöfnu verða í byrjun annar að ganga frá samningi mætingar og vinnu á önninni. Inna er ekki bara notuð sem upplýsingabanki og til verkefnaskila heldur er grundallaratriði á covid tímum.

**Það er ekki lokapróf í þessum áfanga.**

## Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kjörbók	Fjögur próf	15%
Ritun Efnisgreinar	Þrjár efnisgreinar	25%
Samtengingar	Eitt próf	10%
Munnlegt verkefni	Spjall um ákveðið efni í 5 mínútur	15%
Orðaforði AWL	Fjögur próf	25%
Lesskilningur	Eitt verkefni	10%

Skipulag tíma verður sett í Innu

### Þekkingarviðmið:

**Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:**

- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða
- notkun tungumálsins til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega
- helstu hefðum um uppsetningu og skipulag ritaðs máls, s.s greinamerkjasetningu

### Leikniviðmið:

**Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:**

- skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál
- taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi
- tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- skrifa formlega texta og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu

### Hæfniviðmið:

**Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:**

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni og skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynntar, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra
- taka þátt í skoðanaskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður og tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig,

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

**Selfossi, 17. ágúst, 2020**

**Helgi Þorvaldsson, Paola Daziani og Ægir Pétur Ellertsson** (kennarar)

**Guðfinna Gunnarsdóttir** (Kennslustjóri)